



Starfsáætlun 2024-2025

Ösp – sértækt námsúrræði

Reykjanesbærar

njardvikurskoli.is





Starfsáætlun 2024-2025

Ösp – sértækt námsúrræði

Reykjanesbæjar

Reykjanesbær, 15. október 2024

Inngangur

Ösp er hluti af Njarðvíkurskóla og starfar eftir starfsáætlun skólans. Ösp starfar eftir þeim verkferlum sem eru í gildi í Njarðvíkurskóla hverju sinni. Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru menntun og mannrækt. Ösp er sérhæft námsúrræði fyrir fatlaða nemendur í grunnskólum Reykjanesbæjar sem eru í brýnni þörf fyrir mjög sérhæft og einstaklingsmiðað námsumhverfi og kennsluhætti. Einnig hafa nemendur ríkar stuðnings- og umönnunarþarfir sem unnið er markvisst með í þverfaglegu teymi fagfólks í Ösp og í samstarfi við aðra þjónustuveitendur (sbr. Ráðgjafar- og greiningarstöð, barna- og fjölskylduteymi og aðra heilbrigðisþjónustu). Sérstaða Aspar snýr að sérhæfingu í kennslu og ummönnun fatlaðra nemenda með þroskahömlun, heilkenni og/eða taugafjölbreytileika.

Í kringum hvern nemanda er þverfaglegt teymi sem er myndað út frá þjónustuþörfum hans sem heldur utan um einstaklingsmiðaða áætlun og samskipti við heimili og aðra þjónustuveitendur.

Ösp er skilgreint sem sérhæft námsúrræði 2 og fylgir í meginráttum skóladagatali Njarðvíkurskóla en frávik eru á fyrirfram ákveðnum skertum nemendadögum. Lögð er áhersla á heildstæða þjónustu í nánu samstarfi við þjónustuaðila og eiga nemendur kost á frístundarþjónustu.

Efnisyfirlit

Inntökuskilyrði/inntaka	5
Upphaf skólaþjónustu	5
Útskrift.....	5
Að loknu grunnskólanámi.....	5
Í annan grunnskóla	6
Umgjörð starfs.....	6
Hlutverk og markmið.....	6
Stjórnun og starfsfólk.....	6
Starfsmannalisti.....	7
Fyrirkomulag	8
Húsnæði	8

Inntökuskilyrði/inntaka

Ösp er ætluð fötluðum nemendum í skólamótum Reykjanesbæjar sem eru í mestri þörf fyrir sérhæfðan stuðning, umönnun og kennsluhætti á svíði þroskahömlunar, heilkenna og/eða taugafjölbreytileika. Við innritun í Ösp er horft til fyrirliggjandi upplýsinga um stöðu nemanda (sbr. fyrirliggjandi mati sérfræðinga, aðkomu annarra þjónustuveitenda, núverandi stuðningsþörf og stuðningi í heimaskóla barns). Innritun í Ösp er byggð á mati á stuðningsþörf og er óháð búsetu eða heimaskóla nemanda. Liggja þarf fyrir formleg ósk forráðamanna sem unnin er í samstarfi við heimaskóla ásamt því að mál nemandans hafi fengið umræðu í nemendaverndaráði. Heimaskóli skal hafa lagt sig fram við að veita nemandanum viðeigandi stoðþjónustu í samræmi við stuðningsþarfir.

Unnið eftir verklagi Reykjanesbæjar um umsóknir í sérhæfð námsúrræði (VRL-0039). Í kjölfarið er ákvörðun tekin í samráði við forráðamenn um umsókn í sérhæft námsúrræði samkvæmt vinnulýsingu (VIN-0146). Forráðamenn skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska. Umsókn skal fyllt út samkvæmt vinnulýsingu (VIN-0147) eftir rýni með deildarstjóra skólaþjónustu samkvæmt verklagi.

Inntökuteymi er skipað tveimur fulltrúum frá skrifstofu menntasviðs, deildarstjóra í Ösp og skólastjóra, fer yfir umsóknir og leggur mat á þær. Horft er til fyrirliggjandi upplýsinga um þörf fyrir sérhæfða kennsluhætti, fyrir aðlagað námsumhverfi og umönnunarþarfir á grundvelli stuðningsþarfa og fyrirliggjandi gagna. Í matinu skal einnig taka tillit til aðstæðna nemandans og heildarhagsmuna, virkni og félagsstöðu og líðan í skóla.

Við inntöku er forgangsraðað í átt að þeim sem eru í brýnastri þörf.

Upphof skólaþjónustu

Deildarstjóri skólaþjónustu og deildarstjóri í Ösp skipuleggja aðlögun í samstarfi við forráðamenn og heimaskóla eftir þörfum nemenda. Foreldrum er boðið að heimsækja Ösp og kynna sér aðstæður. Einnig er skilafundur með heimaskóla skipulagður fyrir upphaf skólaárs.

Útskrift

Að loknu grunnskólanámi

Hefja skal gerð áætlunar um skólaskil ekki síðar en í upphafi 9. bekkjar. Að mótnun og gerð áætlunarinnar koma kennrarar nemandans, fagaðilar um nám hans og skólagöngu innan og/eða utan skólans, nemandinn sjálfur og forráðamenn hans.

Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, áform hans um frekara nám og áhugamál. Einnig skal koma fram hvernig vali á framhaldsnámi/skóla er háttar, kynningum á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og aðlögun í nýjan skóla.

Tilfærsluáætlun við innritun á starfsbraut framhaldsskóla er fyllt út í samstarfi forráðamanna, nemanda og kennara.

Í annan grunnskóla

Telji forráðamenn og fagfólk að árangri með skólavist í sérhæfðu námsúrræði 2 sé náð og/eða að nemandi sé tilbúinn að fara í almennan skóla skal gera áætlun um lok skólavistar og aðlögun í nýjan skóla.

Umgjörð starfs

Þjónustan byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lögum um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og þeim reglugerðum sem þeim tengjast.

Einnig tekur starfið mið af síðareglum þeirra starfsstéttu sem veita þjónustuna.

[91/2008: Lög um grunnskóla | Lög | Alþingi \(althingi.is\)](#)

[38/2018: Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir | Lög | Alþingi \(althingi.is\)](#)

[86/2021: Lög um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna | Lög | Alþingi \(althingi.is\)](#)

Hlutverk og markmið

Ösp er sérhæft námsúrræði sem nýtir viðurkennda kennsluhætti og kennsluaðferðir í aðlöguðu námsumhverfi í samræmi við fjölbreyttar þarfir nemenda. Nám er einstaklingsmiðað og lögð er áhersla á náið samstarf við forráðamenn og þjónustuveitendur.

Markmið;

- Að allir nemendur fái fjölbreytt tækifæri til að taka þátt í skólasamfélagi Njarðvíkur-skóla á sínum forsendum
- Að allir nemendur fái kennslu og þjálfun í samræmi við þarfir þeirra sem endurspeglast í einstaklingsnámskrá
- Að styðja og veita nemendum fjölbreytt tækifæri til virkar þátttöku til að auka sjálfstraust, sjálfstæði og félags-hæfni í athöfnum daglegs lífs
- Að styðja nemendur í að efla hæfileika sína og færni til að takast á við viðfangsefni daglegs lífs og gera þau örugg í nærumhverfi

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnun á Ösp er skipulögð innan grunnskólans, undir stjórn skólastjóra. Dagleg stjórnun er í höndum deildarstjóra í Ösp. Skólaþjónusta menntasviðs Reykjanesbæjar veitir stuðning og ráðgjöf við stjórnendur og fagfólk ásamt sérfraeðingum frá Ráðgjafa- og greiningarstöð.

Í Ösp starfar þverfaglegur hópur starfsfólks með þekkingu á sérhæfðum kennsluháttum og hæfni til að takast á við fjölbreyttar stuðningsþarfir.

Hver nemandi hefur aðgang að þverfaglegu teymi sem heldur utan um einstaklingsmiðað nám og þjónustu við nemandann auk samskipta við forráðamenn.

Reglulegir deildarfundir eru haldnir bæði innan starfsmannahópsins og með skólaþjónustu menntasviðs.

Starfsmannalisti

Andrea Ösp Böðvarsdóttir	Sérfræðingur
Anný María Lárusdóttir	Stuðningsfulltrúi
Ása Bríet Bergsdóttir	Starfsmaður í frístundaheimili
Birgir Örn Hjörvarsson	Leiðbeinandi
Dagbjört Kristinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Emil Daði Símonarson	Stuðningsfulltrúi
Eygló Alexandersdóttir	Yfirþroskabjálfi
Falur Orri Guðmundsson	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
Fanney Lovísa Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
Gígja Guðjónsdóttir	Starfsmaður í frístundaheimili
Guðrún Edda Helgadóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
Harpa Hrund Einarsdóttir	Atferlistræðingur
Harpa Rós Guðnadóttir	Starfsmaður í frístundaheimili
Heiðdís Inga Halldórsdóttir	Yfirþroskabjálfi
Helga Ólina Aradóttir	Sérkennari
Helgi Bergsson	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
Jóhanna Ósk Kristinsdóttir	Atferlistræðingur
Kristgerður Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
Kristín Blöndal	Deildarstjóri
Kristófer Páll Viðarsson	Starfsmaður í frístundaheimili
Linda Birgisdóttir	Yfirþroskabjálfi/Verkefnastjóri
Lovísa Bylgja Sverrisdóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
María Ísrún Hauksdóttir	Yfirþroskabjálfi
Marta Caber	Umsjónarmaður frístundaheimilis
Sara Dögg Hafþórsdóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
Sara Dögg Margeirsdóttir	Grunnskólakennari
Sara Ósk Þórisdóttir	Yfirþroskabjálfi
Selma Óskarsdóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
Sigita Andrijauskiene	Grunnskólakennari
Sigurður Magnússon	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
Sigurlaug Ingvarsdóttir	Starfsmaður í frístundaheimili
Símon Logi Thasaphong	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili
Svandís Gylfadóttir	Leiðbeinandi
Þórdís Gísladóttir	Leiðbeinandi
Þórunn Friðriksdóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístundaheimili

Fyrirkomulag

Allir nemendur í Ösp tilheyra Njarðvíkurskóla og eru skráðir í umsjónarbekk. Nemendur hafa heimastofu og umsjónaraðila í Ösp. Þeir sækja tíma með jafnöldrum eftir því sem við verður komið og njóta viðeigandi stuðnings. Nemendur fá viðbótartímar í skólaíþróttum og list- og verkgreinum.

Allir nemendur í Ösp hafa einstaklingsnámskrá sem er metin jafnt og þétt yfir skólaárið og er rammi utan um nám nemandans. Hún skal innihalda alla þá þætti sem unnið er með, skilgreind markmið og leiðir að þeim (sbr. námstengd markmið, athafnir daglegs lífs, sjálfsbjörg ofl.). Vinna skal einstaklingsnámskrá í samstarfi forráðamanna og fagfólks.

Kennsla er byggð á aðalnámskrá grunnskóla. Kennslufyrirkomulag er í samræmi við þarfir nemenda og nýttar eru viðurkenndar aðferðir. Í Ösp er unnið eftir skipulögðum vinnubrögðum, atferlismótun og hugmyndafræði TEACCH. Einnig eru nýttar sérhæfðar aðferðir til að styðja og koma til móts við sértækar þarfir og óhefðbundin tjáskipti.

Húsnæði

Húsnæðið sem sérdeildin Ösp efur til umráða er 550 fermetrar að stærð og stendur það á lóð við Njarðvíkurskóla. Húsnæðið hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum 20 árum. Á þessum tveimur áratugum hafa fjórar byggingar bæst við upprunalegt húsnæði, en byggt var við Ösp á árin 2003, 2006, 2012 og 2019. Kennslurými í Ösp eru átta kennslustofur, rúmgóður hreyfisalur, skynörvunarherbergi og matsalur. Frístundaheimili í Ösp er einnig rekinn í sama húsnæði.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYtileikans

